



Fjarnám í Verzlunarskóla Íslands
2020-2021

Skýrsla fjarnámsstjóra

Efniyfirlit

Inngangur	3
Haustönn 2020	3
Vorönn 2021	4
Sumarönn 2021	4
Tafla 1. Fjarnemendur VÍ skólaárið 2020-2021, tölur úr gagnagrunni INNU.....	5
Fagnám verslunar og þjónustu	6
Tafla 2. Nemendur í fagnámi verslunar og þjónustu, tölur úr gagnagrunni INNU. ...	6
Fjöldi ársnemenda skólaárið 2020-2021	7
Tafla 3. Fjöldi ársnemenda í fjarnámi Verzlunarskóla Íslands.	7
Fjarnemendur	7
Mynd 1. Hlutfallsleg skipting fjarnemenda eftir hópum.	8
Hvers vegna sækir þú um fjarnám?	9
Fjarkennarar	10
Fjarnámsgjöld	10
INNA.....	10
Lokaorð.....	11

Inngangur

Fjarnám við Verzlunarskóla Íslands hefur verið rekið í núverandi mynd síðan haustið 2005. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir starfseminni skólaárið 2020-2021. Til viðbótar við hefðbundna fjarnámið, kom fagnám verslunar og þjónustu til sögunnar á vorönn 2020 og verður því einnig gerð skil hér. Áhersla verður lögð á að greina hvaða nemendur það eru sem stunda fjarnám hjá okkur og hvers vegna þeir skrá sig í fjarnám.

Haustönn 2020

Á haustönn 2020 var 101 áfangi kenndur, en fleiri áfangar voru í boði. Áfangar á haustönn 2019 voru 107. Fjarkennarar voru 48 þessa önnina, allt þaulreyndir kennarar.

Á haustönn 2020 voru 377 nemendur skráðir í fjarnám við Verzlunarskólann. Þegar þessi nemendahópur er skoðaður kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á haustönn 2020 voru 34 nemendum fleiri en á haustönn 2019 og fjölgaði nemendum því um tæp 10% á milli þessara ára.
- Af 377 nemendum haustannar 2020 voru 45 (11,9%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 332 (88,1%) komu annars staðar frá. Á haustönn 2019 var fjöldi dagskólanemenda í fjarnámi 34 og það hlutfall þá var 9,9%, sem er hlutfallslega mun minni fjöldi en á haustönn 2020.
- Af 377 nemendum haustannar 2020 voru 63 (16,7%) nemendur grunnskóla, sem er lægra hlutfall en á haustönn 2019 því þá var þessi fjöldi 66 og 19,2% af heildarfjölda fjarnemenda.
- Af þessum 377 nemendum haustannar 2020 voru konur 234 (62,1%) og karlar 143 (37,9 %) en á haustönn 2019 voru samsvarandi gildi 60,9% og 39,1%.
- Meðalaldur fjarnemenda á haustönn 2020 var 22,5 ár, en á haustönn 2019 var þessi tala ívið lægri eða 21,3 ár. Skýrist þessi munur án efa af herra hlutfalli grunnskólanema á haustönn 2019.
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á haustönn 2020 voru nemendur fæddir 2002, en þeir nemendur voru væntanlega á þriðja ári í framhaldsskóla það haustið. Haustið 2019 voru nemendur í tíunda bekk grunnskólans (nemendur fæddir 2004) fjölmennasti árgangurinn.
- Hver nemandi tók að meðaltali 8,75 nýjar einingar á haustönn 2020, en sambærileg tala fyrir haustönn 2019 var 7,81 nýjar einingar.

Sjá nánar um nemendur á haustönn 2020 á heimasíðu skólans¹.

Nemendur haustannar 2020 voru skráðir í 3299 nýjar einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 2326 feiningar en það voru 70,5% af þeim einingum sem lagt var upp með. Á haustönn 2019 skiluðu 64,7% eininga sér til prófs.

Ársmemendur í námi á haustönn 2020 voru 55,0 og til prófs skiluðu sér 38,8. Sambærilegar tölur fyrir haustönn 2019 eru 44,7 og 28,9 ársnemendur. Sjá töflu 1.

¹ <https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/fjarnemendur/haust-2020/> Tölur eru mismunandi á heimasíðu og í skýrslu, sem skýrist af því að tölur á heimasíðu eru frá miðri önn, en tölur í skýrslu frá lok annar.

Vorönn 2021

Á vorönn 2021 voru 108 áfangar kenndir en fleiri áfangar voru í boði. Áfangar á vorönn 2020 voru alls 108. Fjarkennarar á vorönn 2021 voru 48 og höfðu þeir allir fjarkennt áður.

Á vorönn 2021 voru 556 nemendur skráðir í fjarnám við Verzlunarskólann. Þegar þessi nemendahópur er skoðaður kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á vorönn 2021 var 145 nemendum fleiri en á vorönn 2020, þetta er rúm 35% fjölgun á milli ára.
- Af 556 nemendum vorannar 2021 voru 111 (20,0%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 445 (80,0%) komu annars staðar frá. Þetta hlutfall Verzlunarskólanemenda í fjarnámi er lægra en á vorönninni á undan en þá var það 23,6%.
- Af 556 nemendum vorannar 2021 voru 97 (17,5%) nemendur grunnskóla, en á vorönn 2020 voru sambærilegar tölur 68 (16,5%).
- Af 556 nemendum vorannar 2021 voru konur 329 (59,2%) og karlar 302 (40,8%) en á vorönn 2020 var hlutfall kvenna 57,2% og karla 42,8%.
- Meðalaldur fjarnemenda á vorönn 2021 var 21,6 ár, en þessi tala er hærri en á vorönninni á undan en þá var hún 20,8 ár.
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á vorönn 2021 voru nemendur fæddir 2002, en þeir nemendur voru væntanlega á þriðja ári í framhaldsskóla þetta vorið. Vorið 2020 voru nemendur á þriðja ári í framhaldsskóla einnig (nemendur fæddir 2001) fjölmennasti árgangurinn.
- Að meðaltali tók hver nemandi 7,85 nýjar einingar á vorönn 2021, en sambærileg tala fyrir vorönn 2020 var 7,79 nýjar einingar.

Sjá nánar um nemendur á vorönn 2021 á heimasíðu skólans ².

Nemendur vorannar 2021 voru skráðir í 4366 nýjar einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 3343 nýjar einingar en það voru 76,6% af þeim einingum sem lagt var upp með. Á vorönn 2020 skiluðu 76,1% eininga sér til prófs.

Ársmemendur í námi á vorönn 2021 voru 72,8 og til prófs skiluðu sér 55,7. Sambærilegar tölur fyrir vorönn 2020 eru 53,3 og 40,6 ársnemendur. Sjá töflu 1.

Sumarönn 2021

Á sumarönn 2021 voru 101 áfangar kenndir. Áfangar á sumarönn 2020 voru 96 Fjarkennarar á sumarönn voru 49, allt þaulreyndir fjarkennarar.

Á sumarönn 2021 voru 694 nemendur skráðir í fjarnám, þegar þessi hópur er skoðaður nánar kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á sumarönn 2021 var 109 nemendum fleiri en á sumarönn 2020 og er það 18,6% fjölgun á milli ára.

²<https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/fjarnemendur/vor-2021/>. Tölur eru mismunandi á heimasíðu og í skýrslu, sem skýrist af því að tölur á heimasíðu eru frá miðri önn, en tölur í skýrslu frá lok annar.

- Af 694 nemendum sumarannar 2021 voru 97 (14,0%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 597 (86,0%) komu annars staðar frá. Á sumarönn 2020 voru 67 (11,5%) nemenda líka í dagskóla VÍ, og er það hlutfall mun lægra en á sumarönn 2021.
- Af þessum 694 nemendum sumarannar 2021 voru konur 396 (57,0%) og karlar 298 (43,0%). Samsvarandi tölur fyrir sumarönn 2020 eru mjög áþekkar, eða 56,6% konur og 43,4% karlar.
- Meðalaldur fjarnemenda á sumarönn 2021 var 20,6 ár, en það er nánast sami meðalaldur og á sumarönn 2020 (20,7 ár).
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á sumarönn 2021 voru nemendur fæddir 2003, en þeir höfðu þá væntanlega lokið öðru ári í framhaldsskóla. Á sumarönn 2020 var árgangurinn 2002 fjölmennastur en þeir höfðu þá væntanlega einnig lokið öðru ári í framhaldsskóla.
- Að meðaltali tók hver nemandi 9,1 nýjar framhaldsskólæiningar á sumarönn 2021. Sambærileg tala fyrir sumarönn 2020 var 9,45 einingar.

Sjá nánar um nemendur á sumarönn 2021 á heimasíðu skólans³.

Nemendur á sumarönn 2021 voru skráðir í 6297 nýjar framhaldsskólæiningar. Til lokaprófs skiluðu sér 3985 einingar. en það gera 63,3% af þeim einingum sem lagt var upp með. Á sumarönn 2020 skiluðu 72,8% eininga sér til prófs.

Ársmemendur í námi á sumarönn 2021 voru 105,0 og til prófs skiluðu sér 66,4 ársnemendur Sambærilegar tölur fyrir sumarönn 2020 voru 92,1 og 67,3 ársnemendur. Sjá töflu 1.

Önn	Fjöldi nemenda á önn	Einingar per nemanda	Nemendur * einingar	Einingar til prófs	Ársmemendur skráðir	Ársmemendur í próf	% Mæting í próf
H20	377	8,75	3299	2326,0	54,98	38,77	70,51
V21	556	7,85	4366	3343,0	72,77	55,72	76,57
S21	694	9,07	6297	3985,0	104,95	66,42	63,28

Tafla 1. Fjarnemendur VÍ skólaárið 2020-2021, tölur úr gagnagrunni INNU.

³<https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/fjarnemendur/sumar-2021/>. Tölur eru eins á heimasíðu og í skýrslu, enda unnar í lok sumarannar.

Fagnám verslunar og þjónustu

Á vorönn 2020 fór í gang fagnám verslunar og þjónustu fyrir starfandi verslunarfólk í samstarfi við Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks. Námið er 90 einingar og er blanda af fjarnámi og vinnustaðnámi í fyrirtækjunum. Nemendum stendur til boða að fara í raunfærnimat hjá Mími þar sem kunnátta og hæfni hvers og eins er metin til eininga á móti kenndum áföngum. Markmið námsins, er meðal annars að nemendur auki þekkingu sína og færni á vinnustað, þjálfist í að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu og geti stýrt verkefnum í verslun í samræmi við skipulag og áætlanir. Sjá nánar á heimasíðu skólans, <https://www.verslo.is/namid/fagnam-verslunar-og-thjonustu/>.

Námið skiptist upp í 2 lotur á önn og eru áfangar í boði ýmist 2 eða 3 framhaldsskólaeiningar.

Á haustönn 2020 voru loturnar að venju tvær. Alls voru 34 nemendur við nám í fyrri lotuna og 31 í þá seinni. Hver nemandi tók að meðaltali 7,1 einingu í fyrri lotunni en 8,4 í þeirri seinni. Alls voru 8,35 ársnemendur skráðir í báðar þessar lotu og til prófs skiluðu sér 6,42 ársnemendur. Mæting í próf þessar báðra lotur var 78,8% og 75%, en það er mun betri árangur en í öðrum lotum fyrr á árinu 2020. Sjá töflu 2.

Á vorönn 2021 voru 37 nemendur við nám í fyrri lotuna og 33 í þeirri seinni. Hver nemandi tók að meðaltali 7,5 einingar í fyrri lotunni en 7,7 í þeirri seinni. Alls voru 8,83 ársnemendur skráðir í báðar þessar lotu og til prófs skiluðu sér 6,43 ársnemendur. Mæting í próf þessar báðar lotur var 73,9% og 71,7%. Sjá töflu 2.

Á sumarönn 2021 voru 20 nemendur við nám og tók hver nemandi tók að meðaltali 4,8 einingar á önninni. Alls voru 1,6 ársnemendur skráðir og til prófs skiluðu sér 0,8 ársnemendur. Mæting í próf var 52,1. Sjá töflu 2.

Önn	Fjöldi nemenda á önn	Einingar per nemanda	Nemendur * einingar	Einingar til prófs	Ársnemendur á önn	Ársnemendur í próf	% Mæting í próf
H20-1	34	7,1	241	190	4,02	3,17	78,84
H20-2	31	8,4	260	195	4,33	3,25	75
V21-1	37	7,5	276	204	4,60	3,40	73,91
V21-2	33	7,7	254	182	4,23	3,03	71,65
S21-1	20	4,8	96	50	1,60	0,83	52,08

Tafla 2. Nemendur í fagnámi verslunar og þjónustu, tölur úr gagnagrunni INNU.

Í lok haustannar 2020 útskrifuðust þrír nemendur úr fagnámi í verslun og þjónustu og einn af þeim útskrifaðist þar að auki með stúdentspróf. Í lok vorannar 2021 útskrifuðust einnig

þrír nemendur úr fagnámi í verslun og þjónustu og einn í lok sumarannar 2021. Alls hafa því sjö nemendur útskrifast frá skólanum með fagbréf í verslun og þjónustu og nokkrir þeirra eru enn við nám og stefna á stúdentspróf.

Fjöldi ársnemenda skólaárið 2020-2021

Þegar talinn er saman einingafjöldi sem hefðbundna fjarnámið og fagnám verslunar og þjónustu skilaði skólaárið 2020 – 2021, kemur í ljós að ársnemendur skráðir eru rúmlega 250. Tæplega 70% eininga skilaði sér til prófs og þreyttar einingar gáfu tæplega 175 ársnemendur. Sjá nánar í töflu 3.

Þegar tölur fyrir skólaárið 2019-2020 eru skoðaðar kemur í ljós að ársnemendur skráðir eru þar tæplega 200. Rúmlega 70% af einingum skiluðu sér til prófs og þreyttar einingar voru gáfu tæplega 140 ársnemendur. Ársnemendum hefur því fjölgað umtalsvert á milli ári og mæting í próf er því sem næst sú sama bæði skólaárin.

Önn	Nemendur * einingar	Einingar til prófs	Ársnemendur skráðir	Ársnemendur í próf	% Mæting í próf
H20	3800	2711	63,33	45,18	71,34
V21	4896	3729	81,60	62,15	76,16
S21	6393	4035	106,55	67,25	63,12
Alls	15089	10475	251,48	174,58	69,42

Tafla 3. Fjöldi ársnemenda í fjarnámi Verzlunarskóla Íslands.

Fjarnemendur

Til að kanna hvaða nemendur eru í fjarnámi hjá okkur, er nemendahópurinn á sex undanförunum önnum skoðaður. Þetta eru annirnar haustönn 2019, vorönn 2020, sumarönn 2020, haustönn 2020, vorönn 2021 og sumarönn 2021.

Þegar kynjahlutföll fjarnemenda á ofangreindu tímabili eru skoðuð, kemur í ljós að konur eru á hverri önn í kringum 60% af hópnum, eða nánar tiltekið 56,6% til 61,2%. Nemendur af öðru kyni eru um 40%, eða 37,9% til 43,4%.

Meðalaldur nemenda á þessu tímabili er á bilinu 20,6 ár til 22,6. ár og er þá reiknað út frá þeim aldri sem nemendur ná á tilteknu ári en ekki tekið tillit til þess hvenær ársins nemendur eru fæddir.

Fjölmennustu hópar nemenda eru þeir sem eru á hefðbundnum framhaldsskólaaldri og er þá miðað við 4 ár eftir að þau ljúka grunnskóla því nemendur áfangaskóla eru oft 3,5-4 ár að ljúka stúdentsprófi.


Nemendur grunnskóla eru mjög fámennir á sumarönnum, eða innan við 1% af heildarfjölda fjarnemenda. Á haustönnum 2019 og 2020 voru þeir 66 og 62, en það gera 19,8% og 16,8% af heildarfjölda fjarnemenda. Á vorönnum 2020 og 2021 var fjöldi grunnskólanemenda í fjarnámi 38 og 97, en það gera 16,7% og 18,7% af heildarfjöldanum.

Nemendur Verzlunarskóla Íslands í fjarnámi sveiflast á bilinu frá um 10% yfir í tæp 25% af heildarfjöldanum eftir önnum. Þeir eru 9,9% og 11,4% af heildarfjölda fjarnemenda á haustönnum 2019 og 2020. Á vorönnum 2020 og 2021 eru dagskólanemendur í fjarnámi 23,6% og 21,6% af heildarfjöldanum. Á sumarönn 2021 var heildarfjöldi dagskólanemenda í fjarnámi 14% af heildarfjöldanum.

Nemendur annarra framhaldsskóla eru á bilinu frá 25% af heildarfjöldanum og upp í 43% af heildarfjöldanum.

Nemendur sem ekki eru skráðir í skóla er um 30% til 45% af heildarfjöldanum.

Þegar tölur þessara anna eru teknar saman, kemur í ljós að grunnskólanemendur í fjarnámi eru að meðaltali tæp 15%, Nemendur dagskóla Verzlunarskóla Íslands rúm 16%. Nemendur annarra framhaldsskóla tæp 33%, nemendur ekki skráðir í skóla tæp 36% og nemendur háskóla tæp 1,3%. Gróft má því segja að fjarnemendum sé hægt að skipta í þrjá hópa: Þriðjungur er ekki skráður í skóla, þriðjungur er skráður í aðra framhaldsskóla en Versló og þriðjungur er skráður í grunnskóla og dagskóla Verzlunarskóla Íslands. Sjá mynd 1.



Mynd 1. Hlutfallsleg skipting fjarnemenda eftir hópum.

Um 80% fjarnemenda á hverri önn er skráður með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu, það er í póstnúmerum 101-276. Um 20% fjarnemenda er með lögheimili annars staðar á landinu eða erlendis.

Á tilgreindu tímabili taka fjarnemendur að meðaltali um 8,5 nýjar framhaldsskólaeiningar, eða frá 7,6 til 9,5 eftir önnum. Meðaleiningafjöldinn er mestur á sumarönnunum tveimur sem hér eru til skoðunar.

Hvers vegna sækir þú um fjarnám?

Þegar fjarnemendur skrá sig í fjarnám, þá geta þeir svarað spurningunni: Hvers vegna sækir þú um fjarnám? Það er ekki nauðsynlegt að svara þessari spurningu, en fjölmargir gera það. Þegar rýnt er í svör þeirra kemur margt áhugavert í ljós.

Grunnskólanemendur nefna í langflestum tilfellum að þeir taki fjarnám vegna þess að þeir hafi þegar klárað námsefni grunnskólans í viðkomandi grein. Sum þeirra tilgreina að þau hafi búið í öðrum löndum og vilji viðhalda þekkingu sinni og færni í tungumáli viðkomandi lands. Einstaka grunnskólanemendi er tvítyngdur og skráir sig í fjarnám til að læra undirstöðuatriði í móðurmáli landsins sem þeir búa ekki í. Nokkrir nefna að þeir stefni á skólavist í Verzlunarskóla Íslands og vilji undirbúa sig vel áður. Í flestum tilfellum fá nemendur þessa áfanga metna sem valáfanga í sínum grunnskóla og kennarar þeirra halda utan um fjarnámið með þeim.

Nemendur dagskóla Verzlunarskóla Íslands svara þessari spurningu oftast með því að þeir hafi fallið í áfanga á fyrri önn og þurfi því að endurtaka hann. Nokkrir þurfa að taka áfanga í fjarnámi vegna þess að þeir eru að skipta um bekk eða braut. Einstaka hefur tekið eina eða fleiri annir í öðrum framhaldsskólum og þurfa því að taka áfanga í fjarnámi sem bekkurinn þeirra er búinn að taka. Nokkrir nemendur fá að taka áfanga í fjarnámi í stað valáfanga í dagskólanum. Einnig kemur skýringin veikindi eða slys fyrir í örfáum tilfellum.

Nemendur annarra framhaldsskóla svara flestir því að þá vanti tiltekna áfanga til að útskrifast frá sínum skóla á önninni eða þeirri næstu. Einnig nefna þessir nemendur ástæður eins og fall í áfanga, áfangi ekki kenndur í skólanum eða áfangi kemst ekki í stundatöflu nemandans. Aðrir eru að taka áfanga vegna þess að þeir hafa skipt um skóla, braut eða bekk og tiltekinn áfangi er skilyrði svo það gangi. Nokkrir nemendur tilgreina að þeir stefni á að komast í Verzlunarskóla Íslands á næstu önn og þurfi því að bæta við sig áföngum til að auka möguleika sína á því.

Nemendur háskóla tiltaka að þeir skrái sig í fjarnám til að bæta þekkingu sína í einstaka greinum og er þá oftast um að ræða stærðfræði, efnafræði eða eðlisfræði. Nokkrir nefna að þeir stefni á áframhaldandi háskólanám erlendis og þurfi því að bæta færni sína í tungumáli viðkomandi lands.

Nemendur ekki skráðir í skóla tiltaka ýmsar og fjölbreytilegar ástæður fyrir því að þeir skrá sig í fjarnám. Nemendur með stúdentspróf taka auka áfanga til að undirbúa sig fyrir háskólanám, ýmist á Íslandi eða erlendis. Einnig tiltaka nokkrir að þá vanti áfanga til að

skrá sig í annað nám, eins og t.d. flugnám, iðnnám og skipstjórnarnám. Mjög margir þeirra sem eldri eru, hafa horfið frá framhaldsskólagöngu sinni og eru að taka upp þráðinn aftur og stefna á stúdentspróf frá ýmsum skólum. Fjölmarginir tilgreina að þeir geti ekki stundað dagskólanám vegna barneigna, vinnu eða búsetu þar sem ekki eru framhaldsskólar í næsta nágrenni við heimili þeirra. Nokkrir nefna að þeir vilji klára stúdentspróf en hafi flutt úr landi vegna íþróttaiðkunar, atvinnu foreldra eða skiptináms. Einstaka tilgreinir að dagskóli henti þeim ekki og tilgreina ástæður eins og covid, félagsfælni, fötlun og kvíða. Þá eru nokkrir sem nefna að þeir vilji rifja upp og styrkja stöðu sína á atvinnumarkaði. Einnig er nefnt að nemendur vilji læra tungumál til að eiga betri samskipti við erlent starfsfólk á sínum vinnustað. Að ógleymdum þeim sem taka fjarnám vegna þess að þeir vilja komast aftur í bekkinn sinn í Versló eða öðrum bekkjarskólum.

Fjarkennarar

Fjarkennarar sem sinna hefðbundna fjarnáminu eru 49 og 10 sjá um fagnám í verslun og þjónustu. Alls eru þetta 53 kennarar, því 6 kennarar tilheyra báðum hópunum. Af þessum 53 kennurum, þá kenna 48 líka í dagskóla Verzlunarskólans. Af hinum 5 sem eftir eru, hafa 4 kennt í dagskólanum en eru hættir störfum en 1 hefur aldrei kennt í dagskólanum. Sá síðast nefndi er fjarnámsstjóri sem fjarkennir 2 áfanga til að fylgjast með þróun í fjarkennslumálum og vita betur hvernig kennslukerfið virkar.

Fjarkennarar kenna 108 fjarnámsáfanga og 12 áfanga fagnámsins. Þeir passa að áfangar í fjarnámi endurspegli áfanga dagskólans, bæði hvað varðar efnisinnihald og námsmat. Þessir kennarar þurfa stöðugt að bregðast við mismunandi þörfum hins sundurleita hóps sem fjarnemendur eru og eiga þeir hrós skilið fyrir fagmennsku og vinnugleði.

Fjarnámsgjöld

Á sumarönn 2020 var kennslugjaldið lækkað niður í 2700 kr per einingu og skráningargjaldið í 6000 krónur per önn. Miðað við þetta þá kostar 5 eininga áfangi nemandann 13500 krónur og svo bætast við 6000 kr skráningagjald á önn.

Grunnskólanemendur greiða aðeins skráningargjaldið á hverri önn, óháð því hvað þeir taka margar einingar. Nemendur Verzlunarskólans borga ekki skráningargjald. Aðrir nemendur borga fullt gjald.

INNA

Á haustönn 2019 var umsóknakerfi INNU tekið í notkun fyrir skráningar umsækjenda í fjarnám. Á heimasíðu skólans var settur tengill á skráningasíðu INNU. Þegar umsækjandi skráir sig, þarf hann að skrá upplýsingar um greiðslukort og áður en önnin hefst, er gjaldfært af kortunum. Með þessu móti sparast mikil vinna við umsýslu fjarnámsgjalda, auk þess sem staðgreiðslan gerir það að verkum að allir nemendur sem sækja um fjarnám, eru skráðir í í INNU og kennslukerfið (Moodle) og teljast þar með til fjarnemenda.

Lokaorð

Fjarnám við Verzlunarskóla Íslands hefur nú verið rekið með óbreyttu sniði í 16 ár. Samtals eru þetta 48 annir og hafa sumir kennarar kennt allan þann tíma. Hafa þeir á þessum tíma þróað aðferðir sínar við fjarkennslu og fylgst með hröðum breytingum í tæknimálum sem gera þeim kleyft að fjarkenna í gegnum kennslukerfi á netinu. Ekki aðeins nýta þeir sér reynslu sína úr dagskólakennslunni til að fjarkenna, heldur nýtist reynsla þeirra við fjarkennslu einnig í dagskólakennslunni. Með tímanum hafa þessar tvær aðferðir við kennslu fléttast saman og munu án efa gera það enn frekar í framtíðinni. Fjarkennslan hefur þannig stutt við þá stafrænu vegferð sem Verzlunarskóli Íslands hefur verið á undan farna áratugi..

Reykjavík 5. október 2021
Sigurlaug Kristmannsdóttir,
fjarnámsstjóri VÍ